

Kirkjuþing 2019
12. mál – Þskj. 12

T I L L A G A

að starfsreglum um breyting á starfsreglum
um skipulag kirkjunnar í héraði nr. 1026/2007, með síðari breytingum
(Lagt fyrir 59. kirkjuþing 2019)

Flutt af biskupi Íslands
Frsm. Agnes M. Sigurðardóttir

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr. starfsreglnanna:
Akureyrar- og Laugalandsprestaköll, Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi,
sameinist í eitt prestakall, Akureyrar- og Laugalandsprestakall.

2. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 50. gr., sbr. 59. gr. laga um stöðu,
stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, með síðari breytingum, öðlast gildi við
birtingu.

Greinargerð.

Í hinu nýja Akureyrar- og Laugalandsprestakalli þjóna sóknarprestur og tveir prestar.
Tekið verður tillit til vígslualdurs, menntunar, annarrar reynslu og jafnréttisáætlunar
kirkjunnar við mat á því hver verði sóknarprestur sameinaðs prestakalls. Gert er ráð
fyrir að afgreiða tillöguna á framhaldskirkjuþingi 2020.

Sameining þessi öðlast gildi hinn x.